

Þriðjudaginn 19. maí 1992.

Nr. 297/1990. **Daniel Þórarinnsson**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Hilmari Ingimundarsyni hrl.

(sjálfur),

Íslandsbanka hf.

(Jón Briem hrl.),

Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.),

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.),

Sjóklæðagerðinni hf.

(Ásgeir Thoroddsen hrl.),

Magnúsi Grímssyni,

Rolf Johansen & Co.

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

og Ágústi Kristmanns

(Sigurður Georgsson hrl.).

Nauðungaruppböð. Vanefndauppböð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. júlí 1990. Hann krefst þess aðallega, að hið áfrýjaða vanefndauppböð á eignarhluta sínum í Laugavegi 76, Reykjavík, verði ómerkt og þriðja og síðasta uppböð á eigninni, sem fram fór 7. nóvember 1989, verði látið standa óbreytt, til vara, að hið áfrýjaða uppböð verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og/eða uppkvaðningar úrskurðar. Jafnframt krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður sótti þing við þingfestingu málsins. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Kröfur stefndu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunnar í Reykjavík,

Sjóklæðagerðarinnar hf. og Rolfs Johansens & Co. eru þær, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda Búnaðarbanka Íslands eru þær, að áfrýjandi greiði bankanum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ágúst Kristmanns krefst þess aðallega, að öll meðferð málsins frá og með uppboðsþingi 7. nóvember 1989 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, þ.e. nýrrar þriðju sölu, til vara, að uppboðsmeðferð uppboðshaldara verði ómerkt og lagt fyrir hann að byrja uppboðið að nýju. Verði ekki á aðra hvora heimvísunarkröfuna fallist, er þess krafist, að stefndi Ágúst Kristmanns verði ekki talinn bundinn af boði sínu á uppboðsþingi 7. nóvember 1989, þar sem boð hans hafi ekki verið samþykkt innan tilskilins frests samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, samanber 3. gr. laga nr. 12/1987.

Magnúsi Grímssyni var löglega stefnt fyrir Hæstarétt, en hann hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

I.

Uppboðsmál vegna eignarhluta áfrýjanda í húsinu nr. 76 við Laugaveg í Reykjavík var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur 11. maí 1989 á grundvelli uppboðsbeiðni Hilmars Ingimundarsonar hrl. Fyrsta uppboð fór fram 6. júlí 1989, en annað og síðara uppboð 13. október 1989.

Á uppboðsþingi 7. nóvember 1989 var tekið fyrir að halda þriðja og síðasta nauðungaruppboð á eigninni eftir kröfu Hilmars Ingimundarsonar hrl., Verslunarbanka Íslands hf., nú Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Valgeirs Kristinssonar hrl., Ásgeirs Björnssonar hdl. og Þórunnar Guðmundsdóttur hrl. Á uppboðsþinginu var m.a. bókað: „Þessi boð komu fram:

Kr. 5.000.000,00 Hilmar Ingimundarson.

Kr. 6.000.000,00 Björn Jónsson fyrir Pétur Guðmundsson, Kjarrvegi 6.

Kr. 20.000.000,00 Sigurður Georgsson hrl. fyrir Ágúst Kristmanns og krefst útlagningar.

Fleiri boð komu ekki fram.

Uppboðshaldari tók sér með samþykki uppboðsbeiðanda og bjóðenda allt að 10 vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.“

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal bréf fulltrúa yfirborgarfógeta, dagsett 18. janúar 1990. Í bréfinu er skorað á Sigurð Georgsson hrl. sem hæstbjóðanda á uppboðinu f.h. Ágústs Kristmanns að greiða 1/4 hluta uppboðsverðsins auk uppboðskostnaðar í síðasta lagi 23. janúar 1990. Sigurður Georgsson hrl. kveðst hafa fengið bréfið í hendur 22. s.m. Lögmaðurinn svaraði því 25. s.m. og tilkynnti, að Ágúst Kristmanns liti svo á, að hann væri ekki lengur bundinn við boð sitt.

Með bréfi lögmanns Íslandsbanka hf. til uppboðsréttar Reykjavíkur 6. mars 1990 var þess farið á leit með vísan til 1. mgr. 35. gr. laga nr. 57/1949, að eignin yrði boðin upp að nýju á kostnað og áhættu hæstbjóðanda á uppboðinu 7. nóvember 1989.

Vanefndauppboð var haldið á eigninni sjálfri 2. júlí 1990, og var bókað, að uppboðið færi fram eftir kröfu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Hilmaris Ingimundarsonar hrl. Enn fremur var þá fært til bókar: „Nú mætir í réttinum Sigurður Georgsson hrl. og mótmælir því að uppboð þetta fari fram sem vanefndauppboð þar sem hann telji að ekki hafi verið um vanefndir að ræða af hálfu umbjóðanda síns sem hæstbjóðanda á 3ju sölu...

Kristján Stefánsson mótmælir að uppboðið fari fram. Hann mótmælir einnig uppboðsheimild Íslandsbanka hf. vegna aðildarskorts. Magnús Brynjólfsson krefst þess að uppboðið fari fram sem vanefndauppboð. Sama gerir Kristján Þorbergsson f.h. Íslandsbanka og leggur fram afrit af skuldabréfi sem inniheldur handveðsyfirlýsingu uppboðsheimilda, einnig telur mættur að Íslandsbanki sé því uppboðsbeiðandi sem veðhafi heimildaskjala...

Mættur Sigurður Georgsson hrl. krefst ekki úrskurðar um mótmæli sín.

Uppboðshaldari upplýsir að uppboð þetta er vanefndauppboð samanber auglýsingu. Uppboðspoli áskilur sér allan rétt til ýtrustu skaðabóta af hendi uppboðskaupanda og uppboðsbeiðanda. Þrátt fyrir fram komnar athugasemdir er það ákvörðun uppboðshaldara að uppboðið fari fram nú þegar.

Lesnir uppboðsskilmálar. Þessi boð komu nú fram,

Kr. 5.000.000 Kristján Þorbergsson fyrir Íslandsbanka hf.

Kr. 10.000.000 Ólafur Thoroddsen hdl. f.h. Lúðvíks Halldórssonar.

Kr. 11.000.000 Kristján Þorbergsson fyrir sama og krefst útlagningar.

Fleiri boð komu ekki fram.“

II.

Áfrýjandi reisir aðalkröfu sína einkum á því, að uppboðshaldara hafi borið skylda til að láta reyna á það með öðrum hætti en vanefndauppboði, hvort hæstbjóðandi á uppboðinu 7. nóvember 1989 ætlaði að standa við boð sitt. Þá hafi Íslandsbanki hf. ekki verið réttur aðili að kröfu um, að vanefndauppboð færi fram, þar sem bankinn eigi einungis handveð í skuldabréfum, sem tryggð séu með veði í uppboðsandlaginu. Varakrafa áfrýjanda er meðal annars reist á því, að uppboðshaldara hafi borið að kveða upp formlegan úrskurð um fram komin mótmæli í stað þess að ákveða einhliða, að vanefndauppboð færi fram.

Þeir stefndu, sem gert hafa kröfu í málinu, aðrir en Ágúst Kristmanns, vísa til 35. gr. laga nr. 57/1949 og telja vanefndauppboðið hluta af þriðju og síðustu uppboðssölu, sem fram fór 7. nóvember 1989. Miða verði upphaf áfrýjunarfrests við lok þess uppboðsþings, og hafi hann verið liðinn, er áfrýjunarstefna var gefin út 27. júlí 1990. Þá verði vanefndauppboðinu ekki áfrýjað sem einangruðum þætti uppboðsmálsins. Beri því að vísa málinu frá Hæstarétti.

III.

Vanefndauppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949 stendur í svo nánum tengslum við þá uppboðsgerð, sem varð tilefni þess, að líta verður svo á, að áfrýjunarfrestur taki ekki að líða fyrr en við lok vanefndauppboðsins. Þar sem áfrýjunarstefna var gefin út innan fjögurra vikna frá lokum vanefndauppboðsins, sbr. 2. mgr. 4. gr. framangreindra laga, verður málinu ekki vísað frá Hæstarétti af þeirri ástæðu, að áfrýjunarfrestur hafi verið liðinn.

Vegna þessara nánu tengsla verður þó ekki um vanefndauppboðið fjallað hér fyrir dómi nema sem hluta af því nauðungaruppboði, sem leiddi til vanefndauppboðsins.

Skýrt kom fram í munnlegum málflutningi lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, að áfrýjunin tæki aðeins til vanefndauppboðsins, og kröfur hans beinast eingöngu að því. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Stefndi Ágúst Kristmanns hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og verða kröfur hans af þeim sökum ekki teknar til umfjöllunar. Hann hefur ekki krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sjóklæðagerðinni hf. og Rolf Johansen & Co. 25.000 krónur til hvers aðila og stefnda Búnaðarbanka Íslands 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti,

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Daníel Þórarinsson, greiði stefndu Íslandsbanka hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sjóklæðagerðinni hf. og Rolf Johansen & Co. 25.000 krónur til hvers aðila og stefnda Búnaðarbanka Íslands 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.